

Nd.

**326. Frumvarp til laga**

[153. mál]

um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 10 29. marz 1961.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

**1. gr.**

Fimmta grein laganna orðist svo:

Framkvæmdasjóður er í vörzlu Seðlabankans, en með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Sjóðurinn starfar samkvæmt eigin lögum og undir sérstakri stjórn. Að öðru leyti er umsjá og daglegur rekstur sjóðsins í höndum Seðlabankans. Sér bankinn einnig um bókhald sjóðsins, svo og skýrslugerð vegna hans.

Um reikningsskil, endurskoðun, fjárhagslegar skuldbindingar og annað, er varðar rekstur Framkvæmdasjóðs, fer eftir ákvæðum laga þessara, svo og reglugerð bankans, eftir því sem við getur átt.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1967.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með lögum um Framkvæmdasjóð, Efnahagsstofnun og Hagráð er Seðlabankanum falin varzla og rekstur Framkvæmdasjóðs frá og með 1. janúar 1967, en sjóðurinn er undir sérstakri stjórn, skv. 6. gr. laga hans.

Nauðsynlegt er að finna Framkvæmdasjóði stað í löggjöf Seðlabankans á sama hátt og 5. gr. laga Seðlabankans hefur fjallað um Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabankann. Er þetta gert í 1. gr. frumvarpsins, en fimmta grein laga Seðlabankans fjallar um stöðu Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við bankann.